

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 1994-2014, Drangsnæs.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps, frá 4. janúar 1996.

Breytingin felst í því að hluti af opnu svæði til sérstakra nota við bergdranginn Kerlingu er breytt í svæði fyrir opinberar stofnanir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.